

# Lög

## um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Fegrunar- og snyrtiefni eru efni eða efnablöndur sem ætlaðar eru til notkunar á mannlíkamann, svo sem hörund, hár, neglur, varir, tennur eða slímhúð í munni. Fegrunar- og snyrtiefnum er einkum ætlað að hreinsa, breyta útliti, veita ilm, bæta líkamspæf eða vernda og halda líkamshlutum í góðu ástandi.

b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Markmið þessara laga er að eiturefni, hættuleg efni og fegrunar- og snyrtiefni séu notuð með gát og varúð þannig að hvorki hljótist af tjón á mönnum eða dýrum né matvæli eða umhverfi mengist af efnunum.

### 2. gr.

Við lögina bætist ný grein, 17. gr. A, sem orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um framleiðslu, innflutning, dreifingu, sölu, notkun, innihald, eftirlit og merkingu fegrunar- og snyrtiefna, hvort sem efnin flokkast sem eiturefni eða hættuleg efni eða ekki.

### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Yfirstjórn mála er varða eiturefni, hættuleg efni og fegrunar- og snyrtiefni er í höndum umhverfiráðherra.

b. Á eftir 5. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að taka gjald fyrir vinnu við og útgáfu starfsleyfa til handa þeim sem starfa við garðaúðun í atvinnuskyni, starfsleyfa til handa meindýraeyðum og leyfisskírteina fyrir notendur varnarefna og eiturefna, viðurkenningu sótt-hreinsiefna og áritun innflutningsskjala.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að taka gjald fyrir vinnu stofnunarinnar við skráningu, breytingu á skráningu, undanþágu frá skráningu, samhliðaskráningu og endurnýj-

un á skráningu varnarefna. Í skráningu varnarefna felst m.a. úttekt sérfræðinga á þörf fyrir notkun viðkomandi efna og á áhættu við notkun þeirra.

Þá er Hollustuvernd ríkisins heimilt að krefja umsækjanda, sbr. 6. og 7. mgr., um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til vegna sérstakra rannsókna eða úttekta utan-  
aðkomandi sérfræðinga, enda hafi verið haft samráð við umsækjanda um fyrirhugaðar  
rannsóknir eða úttektir og umsækjanda gefinn kostur á að draga umsókn sína til baka  
áður en til slíks kostnaðar er stofnað.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, sett gjaldskrá vegna  
þeirrar starfsemi sem talin er upp í 6., 7. og 8. mgr. Upphæð gjalds skal taka mið af  
kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Gjöld má innheimta með fjár-  
námi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 9. maí 2001.*